Reykjavíkurborg

Ársreikningur
2018

Reykjavíkurborg
kt. 530269-7609
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavíkurborg

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun borgarstjóra og borgarráðs	2
Áritun borgarstjórnar	3
Áritun óháðra endurskoðenda	4-7
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9-10
Sjóðstreymisyfirlit	11
Skýringar	12-35
Óendurskoðað fylgiskjal:	
Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar	36-37

Skýrsla og áritun borgarstjóra og borgarráðs

Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum.

Starfsemi Reykjavíkurborgar er skipt í A-hluta og B-hluta. Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, en í B-hluta eru fyrirtæki sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu borgarinnar og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Samkvæmt rekstrarreikningi A-hluta voru rekstrartekjur 119.792 mkr á árinu, en þar af námu skatttekjur 92.661 mkr. Álagningarhlutfall útsvars var 14,52%, sem er lögbundið hámark. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,2% í A-flokki, 1,32% í B-flokki og 1,65% í C-flokki. Lögbundið hámark þess er 0,625% í A-flokki, 1,32% í B-flokki og 1,65% í C-flokki. Rekstrartekjur A- og B-hluta námu samtals 179.968 mkr á árinu.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 4.726 mkr, en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 4.074 mkr á árinu. Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta var jákvæð um 12.342 mkr, en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 17.797 mkr á árinu. Afkoma A- og B-hluta er heldur lakari en áætlun gerði ráð, sem er m.a. vegna neikvæðrar gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum hjá Orkuveitu Reykjavíkur og lægri matsbreytingum fjárfestingaeigna hjá Félagsbústöðum hf.

Heildareignir A- og B-hluta samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi námu í árslok samtals 641.574 mkr og heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 324.387 mkr. Eigið fé nam 317.187 mkr, en þar af nam hlutdeild minnihluta 17.219 mkr.

Þann 1. desember 2018 var fjöldi íbúa í Reykjavíkurborg 128.724.

Upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif Reykjavíkurborgar í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál ásamt öðru eru settar fram í *Yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar*, sem er fylgiskjal með ársreikningnum.

Samkvæmt bestu vitneskju borgarstjóra og borgarráðs er ársreikningurinn saminn í samræmi við lög og gefur glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu A-hluta og samstæðunnar í heild, og að í skýrslu borgarstjóra og borgarráðs komi fram þær upplýsingar sem krafist er.

Reykjavík, 30. apríl 2019.

Borgarstjóri

Borgarráð

Áritun borgarstjórnar

Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2018 hefur hlotið afgreiðslu borgarstjórnar í samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í borgarstjórn.

Reykjavík, 14. maí 2019.

Borgarstjórn

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Hjálmar Sveinsson

Gunnlaugur Bragi Björnsson

Pawel Bartoszek

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Sanna Magdalena Mörtudóttir

Kolbrún Baldursdóttir með fyrirvara og vísun í bókun í fundargerð

MEÐ FYRIRVARA OG VÍSUN Í BÓKUN Í FUNDARGERÐ

VIGDÍS HAUKSDÓTTIR

Áritun borgarstjórnar

Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2018 hefur hlotið afgreiðslu borgarstjórnar í samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræði í borgarstjórn.

Reykjavík, 14. maí 2019

Borgarstjórn

Fyrirvaralaus áritun með ábendingargrein:

Við áréttum að Reykjavíkurborg fari að lögum og gefi út viðauka við fjárhagsáætlanir eins og sveitarstjórnarlög kveða á um. Tryggja þart að fjárheimildir séu ávalt fyrir fríjárútlátum.

Hildur Björnsdóttur

Valgerður Sig

Bíri Fáka

Jónnu Pála Jónasdóttur

Marta Kjuðjónsdóttur

Egill Þór Jónsson

Áritun óháðra endurskoðenda

Til borgarstjórnar Reykjavíkurborgar.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Reykjavíkurborgar fyrir árið 2018 sem hefur að geyma A-hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning A- og B-hluta. Hann skiptist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2018 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu borgarstjóra og borgarráðs sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita í skýrslu stjórnar samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda*. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð sveitarfélaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Önnur atriði

Ársreikningur Reykjavíkurborgar árið 2017 var endurskoðaður af öðrum endurskoðendum. Áritun þeirra er dagsett 15. maí 2018 og er án fyrirvara.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu við endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins árið 2018. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi áliti á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Eftirfarandi atriði teljum við vera lykilatriði í endurskoðun okkar:

a) Mat framleiðslu- og veitukerfis Orkuveitu Reykjavíkur

Sjá umfjöllun í skýringu 30 og skýringu 7 um mikilvægar reikningsskilaaðferðir.

Við höfum skilgreint mat framleiðslu- og veitukerfa sem lykilatriði við endurskoðun okkar vegna ársins 2018. Veitu- og framleiðslukerfi Orkuveitu Reykjavíkur eru metin útfrá afskrifuðu endurstofnverði í samræmi við ákvæði IAS 16. Lagt er mat á breytingu á byggingarkostnaði sambærilegra eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar fyrningar endurmetnar í samræmi við þær breytingar. Orkuveitan framkvæmir virðisrýrnunarpróf á reikningsskiladegi og færir virðisrýrnun ef núvirt tekjustreymi er lægra en bókfært virði einstakra eigna. Einnig getur endurstofnverð aldrei orðið hærra en sem nemur núvirtu tekjustreymi.

Forsendur sem stuðst er við í endurmati og virðisrýrnunarprófi byggja á mati stjórnenda og eru að hluta til huglægar. Þar sem eignfærð framleiðslu- og veitukerfi eru verulegur liður í samanteknum ársreikningi A- og B-hluta getur hver breyta í forsendum haft veruleg áhrif á afkomu og efnahag. Vinna okkar náði bæði til mats á endurmati og virðisrýrnun framleiðslu- og veitukerfa.

Sem hluti af endurskoðun okkar fórum við yfir aðferðafræði félagsins við mat á framleiðslu- og veitukerfum og samkvæmni þess við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Við fórum yfir ferli Orkuveitunar við endurmatið og virðisrýrnunarprófanir. Við fórum einnig yfir virkni líkana sem félagið notar við matið.

Við staðfestum forsendur sem félagið notar við opinberar upplýsingar í þeim tilvikum þar sem það var hægt. Í þeim tilvikum þar sem forsendur eru ekki rekjanlegar við opinberar upplýsingar, lögðum við sjálfstætt mat á þær. Við þessa skoðun var verðmatssérfræðingur fenginn til aðstoðar.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

b) Mat á innbyggðri afleiðu Orkuveitu Reykjavíkur
Sjá umfjöllun í skýringu 38.

Innbyggð afleiða í raforkusölusamningum Orkuveita Reykjavíkur er færð á efnahagsreikning þar sem verð ákveðinna raforkusamninga við stórnotendur eru bundnir við álverð. Þar sem áhætta á sölu á rafmagni og álverði er ekki nátengd gera reikningsskilastaðlar kröfu um að áhættan er snýr að tengingu við álverð sé metin sérstaklega.

Mat innbyggðrar afleiðu er háð forsendum stjórnenda sem og ytri þáttum. Sökum þess hversu viðkvæmt matið er gagnvart breytingum í forsendum teljum við þessa áhættu vera verulega. Þá er umfang afleiðunnar með þeim hætti að breytingar á gangvirði hafa jafnan veruleg áhrif á samantekinn ársreikning A- og B-hluta.

Við höfum yfirfarið ferli Orkuveitunnar við matið. Við fórum yfir aðferðafræði félagsins og bárum saman forsendur við opinberar upplýsingar þar sem þær liggja fyrir og lögðum mat á aðrar forsendur.

Við endurreiknuðum virði afleiðunnar og yfirfórum virkni líkansins sem félagið notar við matið. Við þessa skoðun var verðmatssérfræðingur fenginn til aðstoðar.

c) Nákvæmni og tilvist varanlegra rekstrarfjármuna
Sjá umfjöllun í skýringu 30 og skýringu 7 um mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru stærsti einstaki efnahagsliðurinn og nemur 553,9 ma. kr. árið 2018 samanborið við 503,9 ma. kr. árið 2017 hjá A- og B-hluta en 145,3 ma. kr árið 2018 samanborið við 128,0 ma. kr. árið 2017 hjá A-hluta. Sérstök áhersla er lögð á endurskoðun varanlegra rekstrarfjármuna Eignasjóðs Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur.

Við fórum yfir ferli við eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna, m.a. flæði verkframkvæmdakerfis við fjárhagsbókhaldskerfi. Við prófuðum valdar eftirlitsaðgerðir er snúa að eignfærslum, sem og úttektum innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar á eignaskráningu og verkframkvæmdum. Við framkvæmdum greiningaraðgerðir er snúa að fyrningarskrám ásamt því að endurreikna fyrningar.

Eignfærslur ársins 2018 staðfestum við með úrtaksprófunum. Við áttum í beinum samskiptum við ábyrgðaraðila verkframkvæmda, bæði í Orkuveitunni og hjá Reykjavíkurborg og fórum yfir eðli og tilgang þeirra ásamt samþykki einstaka verkliða.

d) Innlausn tekna
Sjá umfjöllun í skýringu 24 og skýringu 3 um mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við endurskoðun ársreiknings Reykjavíkurborgar er sérstök áhersla lögð á innlausn tekna. Tekjum A- og B-hluta má gróflega skipta í þrennt, skatttekjum, framlagi jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og aðrar sértekjur sviða og B-hluta félaga. Tekjuinnlausn getur verið háð mati stjórnenda auk þess sem álitaefni kunna að koma upp um tekjuinnlausn langtímasamninga og seldra byggingarrétta eða úthlutaðra lóða. Þar sem þessi álitaefni eða matskenndu forsendur geta haft veruleg áhrif á samantekinn ársreikning A- og B-hluta teljum við endurskoðun tekna lykilþátt við endurskoðun okkar.

Við endurskoðun tekna höfum við lagt mat á eftirlitsþætti í tekjukerfum hverrar rekstrareiningar fyrir sig. Þá höfum við prófað ákveðna eftirlitsþætti er snúa að skráningu tekna. Við höfum skoðað og lagt mat á tölvueftirlitsumhverfi hverrar einingar þ.s. við höfum m.a. farið yfir hvernig aðgangsstýringum er háttað inn í fjárhagskerfi og í undirkerfi er snúa að tekjuskráningu.

Við höfum beitt gagnaendurskoðunaraðgerðum þar sem við höfum m.a. beðið um staðfestingu ákveðinna viðskiptavina á veltu og viðskiptastöðu um áramót eða staðfest viðskiptastöðu með öðrum hætti.

Við höfum einnig framkvæmt greiningaraðgerðir út frá magn- og verðaukningu þar sem við höfum borið saman væntingar okkar við raunverulega tekjuskráningu.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Aðrar upplýsingar

Borgarstjórn og borgarstjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem sveitarfélagið birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Með öðrum upplýsingum er m.a. átt við skýrslu fjármálaskrifstofu sveitarfélagsins. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem sveitarfélagið gefur út. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlestri á slíkum fjárhagsupplýsingum og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins, hvort framlagðar upplýsingar séu í andstöðu við þær upplýsingar sem við höfum aflað við endurskoðun okkar eða hvort í þeim kunni að leynast verulegar villur.

Ábyrgð borgarstjórnar og borgarstjóra á ársreikningnum

Borgarstjórn og borgarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög. Borgarstjórn og borgarstjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er borgarstjórn og borgarstjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Borgarstjórn og Endurskoðunarnefnd Reykjavíkur skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.

- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.

- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.

- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum ein ábyrgð á áliti okkar á sveitarfélaginu.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Okkur ber skylda til að upplýsa borgarstjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við höfum afhent borgarstjórn og endurskoðunarnefnd yfirlýsingu þess efnis að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum jafnframt komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Af þeim atriðum sem við upplýstum borgarstjórn og endurskoðunarnefnd um lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við gerum grein fyrir þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur heimila ekki slíka upplýsingagjöf. Í undantekningartilfellum kunnum við að greina ekki frá slíkum atriðum ef við metum það svo að neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf vegi þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

J. Sturla Jónsson
löggiltur endurskoðandi

Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	A-hluti			A- og B-hluti		
		Ársreikningur 2018	Fjárhagsáætlun með viðaukum 2018	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Fjárhagsáætlun með viðaukum 2018	Ársreikningur 2017
Rekstrartekjur	3,24						
Skatttekjur		92.660.626	92.362.175	85.021.305	92.101.779	92.362.175	84.514.958
Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga		7.382.951	7.295.758	7.218.312	7.382.951	7.295.758	7.218.312
Aðrar tekjur		19.748.062	20.210.735	23.571.768	80.483.040	81.017.146	81.186.740
Rekstrartekjur samtals		119.791.639	119.868.668	115.811.385	179.967.770	180.675.080	172.920.010
Rekstrargjöld	4						
Laun og launatengd gjöld	25	63.178.818	63.332.216	61.084.542	77.060.778	77.662.695	75.219.464
Hækkun lífeyrisskuldbindingar LsRb*	25,44	4.706.002	5.003.919	7.002.362	4.810.578	5.003.919	7.044.568
Annar rekstrarkostnaður		41.802.859	41.971.741	38.534.112	54.326.671	56.526.754	51.058.233
Rekstrargjöld samtals		109.687.678	110.307.876	106.621.015	136.198.026	139.193.368	133.322.265
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir, EBITDA		10.103.961	9.560.792	9.190.370	43.769.744	41.481.712	39.597.745
Afskriftir	9,10,32	(4.923.351)	(4.889.621)	(4.663.706)	(16.661.737)	(15.970.836)	(15.097.039)
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		5.180.610	4.671.171	4.526.664	27.108.007	25.510.876	24.500.706
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	5,26	(455.100)	(597.388)	444.667	(18.103.013)	(11.800.550)	2.055.386
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta, matsbreytingar og áhrif hlutdeildarfélaga		4.725.509	4.073.783	4.971.331	9.004.994	13.710.326	26.556.092
Tekjuskattur	19,47	0	0	0	1.372.643	(1.516.052)	(5.462.853)
Matsbreyting fjárfestingaeigna	7,30	0	0	0	2.964.778	5.603.000	8.497.188
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga	11,28	0	0	0	(13.999)	0	(25.271)
Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga		0	0	0	(986.765)	0	(1.537.979)
Rekstrarniðurstaða	43	4.725.509	4.073.783	4.971.331	12.341.652	17.797.274	28.027.176

* Við mat á lífeyrisskuldbindingu í A-hluta eru notaðar forsendur um dánar- og lífslíkur, sem gera ráð fyrir að dánartíðni haldi áfram að lækka og meðalævi lengist í stað þess að miða við reynslu undangenginna ára. Sjá nánar í skýringu nr. 44.

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr.	A-hluti		A- og B-hluti	
		Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2017
Fastafjármunir					
Óefnislegar eignir	6,29	0	0	1.999.523	1.607.504
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7,9,10				
Fasteignir	30	118.626.457	103.868.042	143.857.185	128.456.052
Veitukerfi	30	0	0	294.237.974	269.193.531
Fjárfestingaeignir	30	0	0	83.202.731	77.265.481
Gatnakerfi	30	15.975.143	13.463.124	16.583.805	14.029.611
Áhöld og tæki	30	4.890.248	4.286.858	10.188.154	8.500.468
Leigueignir	31	5.790.960	6.431.580	5.790.960	6.431.580
		145.282.808	128.049.604	553.860.808	503.876.723
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	11,37	10.286.737	8.116.673	8.064.362	6.165.794
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	3,14,39	9.556.177	10.554.956	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	12	10.002.370	10.488.717	10.884.997	10.658.688
Innbyggðar afleiður	38	0	0	0	1.877.811
Áhættuvarnarsamningar	8	0	0	295.670	738.800
Tekjuskattseign	19,47	0	0	3.819.233	1.265.410
Aðrar langtímakröfur	3,14,39	4.677.361	3.786.423	5.245.617	4.645.913
		34.522.645	32.946.770	28.309.880	25.352.416
Fastafjármunir samtals		179.805.453	160.996.374	584.170.211	530.836.643
Veltufjármunir					
Birgðir	15,40	0	0	1.608.102	1.429.094
Skammtímakröfur:	16				
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur	41	9.517.650	11.025.289	16.911.457	17.827.309
Næsta árs afborg. langtímakr. á eigin fyrirtækja	39	1.341.934	1.198.760	0	0
Næsta árs afborganir annarra langtímakrafna	39	1.195.928	1.496.380	1.548.167	5.815.224
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki		344.158	388.370	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	12	388.081	388.081	723.903	388.081
Innbyggðar afleiður	38	0	0	0	346.301
Áhættuvarnarsamningar	8	0	0	946.717	36.081
Aðrar skammtímakröfur		1.822.092	2.593.823	2.466.346	3.227.851
Bundnar innstæður og markaðsverðbréf	42	0	0	7.223.231	6.124.722
Handbært fé	17,42	10.040.334	7.219.713	25.976.122	17.902.524
Veltufjármunir samtals		24.650.178	24.310.416	57.404.045	53.097.186
Eignir samtals		204.455.631	185.306.790	641.574.255	583.933.830

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eigið fé og skuldir	Skýr.	A-hluti		A- og B-hluti	
		Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2017
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	43	96.308.090	85.479.639	299.968.020	270.123.356
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga		0	0	17.219.445	15.304.477
Eigið fé samtals		96.308.090	85.479.639	317.187.465	285.427.832
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	18,44	35.642.169	33.608.700	36.324.573	34.216.961
Tekjuskattsskuldbinding	19,47	0	0	13.013.289	11.265.113
Stofnframlög frá ríki		0	0	629.786	114.808
Aðrar skuldbindingar		0	0	348.905	310.817
Skuldbindingar samtals		35.642.169	33.608.700	50.316.553	45.907.700
Langtímaskuldir					
Langtímaskuldir	20,45	41.612.271	35.751.814	207.267.653	192.243.352
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki	45	77.952	139.989	0	0
Leiguskuldir	21,46	10.706.000	11.165.940	10.706.000	11.165.940
Innbyggðar afleiður í raforkusamningum	8,38	0	0	4.270.604	0
Áhættuvarnarsamningar	8	0	0	777.053	737.006
Langtímaskuldir samtals		52.396.224	47.057.743	223.021.310	204.146.298
Skammtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir		210.487	0	1.169.079	1.881.321
Viðskiptaskuldir		4.638.706	4.506.515	10.181.531	7.709.102
Innbyggðar afleiður í raforkusamningum	8,38	0	0	1.046.265	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	45	1.554.896	1.628.043	18.824.173	15.952.483
Næsta árs afborg. langtímaskulda við eigin fyrirtæki	45	66.587	64.491	0	0
Næsta árs afborganir leiguskulda	46	856.597	823.811	856.597	823.811
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar	44	2.507.000	2.195.000	2.534.700	2.220.000
Skuldir við eigin fyrirtæki		551.394	420.848	0	0
Fyrirfram greiðslur		1.649.659	1.200.000	1.834.105	1.200.000
Áhættuvarnarsamningar	8	0	0	548.022	2.898.249
Aðrar skammtímaskuldir		8.073.821	8.321.999	14.054.454	15.767.033
Skammtímaskuldir samtals		20.109.149	19.160.707	51.048.927	48.451.999
Skuldir og skuldbindingar samtals		108.147.541	99.827.150	324.386.790	298.505.997
Eigið fé og skuldir samtals		204.455.631	185.306.790	641.574.255	583.933.830

Skuldbindingar utan efnahagsreiknings 48-50

Sjóðstreymisyfirlit 2018

	Skýr.	A-hluti			A- og B-hluti		
		Ársreikningur 2018	Fjárhagsáætlun með viðaukum 2018	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Fjárhagsáætlun með viðaukum 2018	Ársreikningur 2017
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða		4.725.509	4.073.783	4.971.331	12.341.652	17.797.274	28.027.176
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Söluhagnaður eigna		(3.602.567)	(4.934.224)	(8.067.099)	(3.964.388)	(4.934.224)	(7.225.707)
Afskriftir	32	4.923.351	4.889.621	4.663.706	16.661.737	15.970.836	15.097.039
Verðbætur, afföll og gengismunur	5	1.063.351	858.184	636.084	5.892.860	2.661.414	5.986.815
Innbyggðar afleiður, breyting	38	0	0	0	8.587.246	1.277.748	(12.543.221)
Matsbreyting fjárfestingaeigna	30	0	0	0	(2.964.778)	(5.603.000)	(8.497.188)
Áhrif dótturfélaga og hlutd. minnihluta		0	0	0	1.000.764	0	1.563.251
Breyting lífeyrisskuldbindingar	44	4.706.002	5.000.000	7.002.362	4.810.578	5.041.988	7.044.568
Breyting tekjuskattsskuldbindingar	47	0	0	0	(2.774.688)	(1.960.180)	3.941.315
Önnur breyting		12.000	0	2.000	12.000	0	1.107
Veltufé frá rekstri		11.827.646	9.887.364	9.208.383	39.602.982	30.251.856	33.395.156
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Birgðir, lækkun, (hækkun)		0	0	0	(177.726)	(10.000)	(457.398)
Skammtímakröfur, (hækkun), lækkun		2.274.269	(641.135)	(1.823.969)	820.732	(645.920)	(3.046.188)
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun		99.601	893.864	4.582.231	(2.844.632)	1.068.230	5.701.063
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna ársins	44	(2.360.533)	(2.535.000)	(2.098.326)	(2.642.663)	(2.535.000)	(2.124.175)
Fyrirframgreitt framlag til Brúar lsj, breyting		486.347	0	(10.876.798)	(226.309)	0	(11.046.769)
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum		**499.684**	**(2.282.271)**	**(10.216.862)**	**(5.070.597)**	**(2.122.690)**	**(10.973.468)**
Handbært fé (til) frá rekstri		**12.327.330**	**7.605.093**	**(1.008.478)**	**34.532.385**	**28.129.165**	**22.421.688**
Fjárfestingarhreyfingar	23						
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum	30	(19.368.267)	(20.302.400)	(15.419.796)	(37.289.842)	(45.843.517)	(37.292.341)
Fjárfesting í fjárfestingaeignum	30	0	0	0	(2.972.472)	(5.639.000)	(2.304.015)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	29	0	0	0	(545.692)	(318.000)	(209.816)
Innborguð gatnagerðargjöld	30	3.293.966	3.634.100	2.562.606	3.293.966	3.634.100	2.562.606
Sala byggingaréttar		3.548.460	4.102.500	6.925.095	3.578.798	4.102.500	7.291.215
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		55.039	831.724	2.543.632	513.766	1.116.223	913.963
Breyting á eignarhlutum		(2.170.065)	(1.103.182)	(729.315)	(1.659.460)	(166.501)	(401.776)
Skammtímaliðir vegna fjárfestinga		449.659	0	0	(297.964)	0	(547.287)
Bundnar bankainnstæður		0	0	0	(14.209)	0	(1.000.000)
Langtímakröfur, breyting		633.711	1.364.328	(2.300.123)	3.539.802	4.542.022	(3.115.305)
Fjárfestingarhreyfingar		**(13.557.497)**	**(11.472.930)**	**(6.417.901)**	**(31.853.306)**	**(38.572.174)**	**(34.102.756)**
Fjármögnunarhreyfingar							
Stofnframlag frá ríki		0	0	0	386.518	1.107.000	114.808
Tekin ný langtímalán	45	6.592.601	6.611.000	8.132.694	31.196.103	26.355.000	22.281.675
Nýjar leiguskuldir	46	0	0	28.798	0	0	28.798
Afborganir langtímalána	45	(1.882.565)	(1.847.823)	(1.467.719)	(23.591.215)	(14.550.695)	(15.621.581)
Afborganir leiguskulda	46	(834.006)	(830.056)	(773.575)	(834.006)	(830.056)	(773.575)
Greiddir áhættuvarnarsamningar		0	0	0	(1.657.785)	(1.265.295)	(1.952.609)
Innborgað stofnfé		0	0	0	151.319	400.000	0
Skammtímafjármögnun, breyting		0	0	0	(656.309)	658.130	(913.060)
Greiddur arður		0	0	0	(155.808)	(206.788)	(139.148)
Aðrar hreyfingar		174.758	(658)	47.819	174.758	0	0
Fjármögnunarhreyfingar		**4.050.788**	**3.932.464**	**5.968.018**	**5.013.574**	**11.667.296**	**3.025.310**
(Lækkun) Hækkun á handbæru fé		2.820.621	**64.626**	**(1.458.362)**	7.692.653	**1.224.288**	**(8.655.759)**
Handbært fé í ársbyrjun		7.219.713	**2.764.088**	**8.678.075**	17.902.524	**18.280.460**	**26.588.117**
Áhrif gengisbreyt. á handbært fé		0	**0**	**0**	380.945	**(2.707)**	**(29.834)**
Handbært fé í árslok	17	**10.040.334**	**2.828.714**	**7.219.713**	**25.976.122**	**19.502.041**	**17.902.524**
Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa							
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum	30	0	0	0	(448.539)	0	649.463
Skammtímaskuldir, breyting		0	0	0	448.539	0	(649.463)
Tekin ný langtímalán	45	0	0	0	27.763	0	3.462.271
Afborganir langrímaskulda		0	0	0	0	0	(3.462.271)

Skýringar með ársreikningi

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Reykjavíkurborg, höfuðborg Íslands, er sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu og voru íbúar 128.724 þann 1. desember 2018. Skrifstofa sveitarfélagsins er í Ráðhúsi Reykjavíkur.
Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Reykjavíkurborgar hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A-hluta starfsemi borgarinnar og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi hennar, þ.e. A- og B-hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð og Eignasjóð. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu borgarinnar, en rekstur þessara fyrirtækja er að stofni til fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B-hluta starfsemi borgarinnar eru: Aflvaki hf., Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþrótta- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015.
Innifalið í samanteknum ársreikningi A- og B-hluta eru ársreikningar Orkuveitu Reykjavíkur og Félagsbústaða hf, sem eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Veigamestu frávik þeirra frá reikningsskilareglum sveitarfélaga eru:

- hluti varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið endurmetinn til gangvirðis.
- innbyggðar afleiður eru færðar á gangvirði.
- eignarhlutir í félögum eru færðir á gangvirði.
- aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru færðar á gangvirði.

Reikningsskil Orkuveitu Reykjavíkur og Félagsbústaða hf. eru færð óbreytt í samanteknum ársreikningi fyrir A- og B-hluta. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga A-hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A-hluta. Í samanteknum ársreikningi fyrir A- og B-hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga borgarinnar. Af viðskiptum milli rekstrareininga borgarinnar má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu. Þá er einnig um að ræða reiknaða vexti á viðskiptastöður og langtímalán vegna yfirfærslu eigna og fjárfestinga.

Reikningsskilaaðferðir

3. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra, en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Skatttekjur eru útsvar, fasteignaskattar og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.
Framlög til stofnkostnaðar og innheimt gjöld vegna framkvæmda eru færð til lækkunar á framkvæmdakostnaði og koma til lækkunar á gjaldfærðum afskriftum á nýtingartíma fjárfestingarinnar. Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru almennt færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Sama á við um styrki.
Vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.
Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er fært í rekstrarreikning á meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

4. Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Skýringar með ársreikningi

5. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

6. Óefnislegar eignir

Hitaréttindi eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem óefnisleg eign á afskrifuðu kostnaðarverði. Hitaréttindi eru aðskilin frá landi við kaup. Undirbúningskostnaður er eignfærður í efnahagsreikningi sem óefnisleg eign, ef ásættanlegar líkur eru á því að verkefnið skili tekjum síðar. Kostnaðurinn er færður til gjalda á áætluðum nýtingartíma. Aðrar óefnislegar eignir eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

7. Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum sem miðaðar eru við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum. Hjá A-hluta eru kaup á áhöldum og tækjum undir 2,5 mkr gjaldfærð með þeirri undantekningu að skráningaskyld tæki eru eignfærð.

Leigðar eignir eru fasteignir sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og eru ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðrar eignar telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings, sé það lægra.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðartekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum, sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

Dreifikerfi og framleiðslukerfi Orkuveitu Reykjavíkur og varanlegir rekstrarfjármunir Íþrótta- og sýningarhallarinnar hf. eru skráðir á endurmetnu verði í efnahagsreikningi A- og B-hluta, sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkanir vegna þessa endurmats eru færðar yfir á eigið fé. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning.

Fjárfestingaeignir eru fasteignir Félagsbústaða hf. sem eru í eigu félagsins til að afla leigutekna. Fjárfestingaeignir eru færðar á gangverði í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Við mat á fjárfestingaeignum er stuðst við fasteignamat Þjóðskrár Íslands. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá er fasteignamat gangverð sem ætla má að eign hefði haft í kaupum og sölum. Matið er gert í maímánuði ár hvert og miðast við verðlag í febrúar. Hið nýreiknaða mat tekur gildi í árslok. Fasteignamat tekur bæði til húss og lóðar og skiptist í húsmat og lóðarmat. Fasteignamatið er framreiknað með vísitölu íbúðarverðs til ársloka. Breytingar á mati fjárfestingaeigna eru færðar undir liðnum matsbreyting fjárfestingaeigna í rekstrarreikning. Fjárfestingaeignir eru ekki afskrifaðar.

8. Fjármálagerningar

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði gegnum rekstrarreikning, sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning hjá Orkuveitu Reykjavíkur eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	0	(734.349)
Áhrif af niðurfærslu á skattalegu tapi	0	464.047
Staða í árslok	3.819.233	13.013.289

Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahagsreiknings

48. Rekstrar- og þjónustusamningar

Yfirlit um styrki, verksamninga, eigna- og rekstrarleigusamninga A-hluta:	Heildar-skuldbinding	Til greiðslu 2019
Styrkir á vegum borgarráðs	85.464	54.214
Styrkir vegna menningarmála	4.478.580	1.417.420
Styrkir og þjónustusamnnigar við íþrótta- og æskulýðsfélög	3.224.000	2.778.000
Styrkir og þjónustusamningar vegna velferðarmála	5.469.841	2.656.673
Styrkir og þjónustusamningar vegna skóla- og frístundamála	105.822	105.822
Tónlistar- og ráðstefnuhús	7.774.183	530.913
Verksamningar hjá Eignasjóði	714.900	419.400
Verksamningar fjárfestinga Eignasjóðs	3.739.600	3.739.600
Skuldbindingar Bílastæðasjóðs	279.998	62.033
Yfirlit um styrki, verksamninga, eigna- og rekstrarleigusamninga A-hluta	25.872.388	11.764.076
Yfirlit um verksamninga og aðrar skuldbindingar B-hluta utan efnahags:		
Faxaflóahafnir sf.	453.000	401.000
Félagsbústaðir hf.	1.333.285	303.359
Orkuveita Reykjavíkur	4.976.671	3.054.076
Yfirlit um verksamninga og aðrar skuldbindingar B-hluta utan efnahags	6.762.957	3.758.435

Skýringar með ársreikningi

49. Ábyrgðir

Yfirlit um ábyrgðarskuldbindingar A-hluta gagnvart þriðja aðila vegna skuldabréfalána:	A-hluti
Vegna kirkjubygginga	277.724
Ábyrgðarskuldbindingar A-hluta gagnvart þriðja aðila	277.724

50. Skuldbindingar

Skuldbindingar A-hluta Reykjavíkurborgar utan efnahagsreiknings eru eftirfarandi:

	Hlutdeild ábyrgðar Reykjavíkurb.	A-hluti Eftirstöðvar
Faxaflóahafnir sf.	75,6%	557.806
Orkuveita Reykjavíkur	93,5%	88.582.443
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.	56,8%	129.092
Sorpa bs.	56,8%	153.476
Strætó bs.	56,8%	576.430
Félagsbústaðir hf.	100,0%	9.049.955
Skuldbindingar A-hluta Reykjav.borgar vegna B-hluta fyrirtækja utan efnahags		99.049.202

51. Heildaryfirlit um fjárhagsstöðu í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé Reykjavíkurborgar greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
A-hluti	100,0%	204.455.631	108.147.541	96.308.090
Aflvaki hf.	95,7%	10.574	0	10.574
Faxaflóahafnir sf.	75,6%	12.154.995	1.026.959	11.128.036
Félagsbústaðir hf.	100,0%	83.692.924	41.052.171	42.640.753
Íþrótta og sýningahöllin hf.	50,0%	1.488.469	1.141.199	347.270
Malbikunarstöðin Höfði hf.	100,0%	1.624.223	208.060	1.416.163
Orkuveita Reykjavíkur	93,5%	318.115.732	167.679.547	150.436.185
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.	60,8%	1.674.989	390.226	1.284.762
Sorpa bs.	61,6%	2.855.049	689.665	2.165.384
Strætó bs.	60,3%	2.182.137	1.112.729	1.069.408
Millifærslur		(18.368.858)	(11.530.255)	(6.838.603)
Samtals		609.885.863	309.917.843	299.968.020
Hlutdeild minnihlutaeigenda		31.688.392	14.468.947	17.219.445
Heildarstaða skv. ársreikningi		641.574.255	324.386.790	317.187.465

Önnur mál

52. Fasteignamat Hörpu

Þann 28. október 2017 endurákvarðaði Þjóðskrá Íslands um frummat fasteignamats tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, fasteignarinnar að Austurbakka 2, Reykjavík, sem byggir m.a. á niðurstöðu dóms Hæstaréttar frá 25. febrúar 2016, þar sem úrskurður yfirfasteignamatsnefndar frá maí 2012 var ógiltur. Endurálagning fasteignaskatta vegna breytts fasteignamats fasteignarinnar fyrir árin 2011 - 2016 hefur farið fram og nam lækkun fasteignaskatta alls 737 mkr. og lækkuðu tekjufærðir fasteignaskattar ársins 2016 sem nam samsvarandi fjárhæð. Harpa ohf. hefur kært endurákvörðun Þjóðskrár Íslands frá 28. október sl. til yfirfasteignamatsnefndar.

53. Sala á byggingarrétti á lóð í Gufunesi

Í janúar 2018 samþykkti borgarstjórn kaupsamning sölu á fasteign, ásamt lóðarréttindum og byggingarrétti á lóð Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi. Félagið mun að endingu greiða 1,7 ma.kr. í heild fyrir byggingarrétt og gatnagerðargjöld. Tekjufærslu á sölu byggingarréttar hefur verið frestað til ársins 2019, þar sem afhending lóða hefur ekki farið fram.

Skýringar með ársreikningi

54. Virðisaukaskattskvöð

Eignasjóður á í bílastæðahúsi Hörpu. Bílastæðahúsið er skráð með sérstakri skráningu samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Áhvílandi virðisaukaskattskvöð í árslok 2018 nam 273 mkr.

55. Málaferli

Á meðal annarra skammtímaskulda A- og B-hluta eru færðir gjaldfallnir afleiðusamningar Orkuveitu Reykjavíkur. Samningarnir hafa ekki verið gerðir upp, en málaferli eru í gangi vegna þeirra. Mikil óvissa ríkir um hvernig meðhöndla eigi uppgjör þeirra. Á fyrri tímabilum hafa verið skuldfærðar 740 mkr. vegna þessara samninga í bókum Orkuveitunnar. Með skuldfærslunni felst ekki viðurkenning á skuldinni af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur og getur fjárhæðin hækkað eða lækkað þegar samningarnir verða gerðir upp.

Nokkrir rammasamningshafar í akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna hafa kært Strætó bs. til Kærunefndar útboðsmála. Í málinu var þess krafist að kærunefndin láti í ljós álit sitt á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintra brota gegn skilmálum rammasamnings við framkvæmd akstursþjónustunnar. Kærunefnd útboðsmála úrskurðaði 21. júní 2016 að Strætó hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt rammasamningi við forgangsröðun rammasamningshafa við framkvæmd akstursþjónustunnar og kaup á akstursþjónustu af aðilum utan rammasamnings. Lét kærunefndin í ljós það álit að Strætó væri skaðabótaskylt gagnvart kærendum, en engin afstaða var tekin til umfangs hugsanlegs fjártjóns kærenda. Niðurstaða kærunefndar hefur verið til skoðunar, en engin niðurstaða komin.

Reykjavíkurborg og einstök B-hluta fyrirtæki eru aðilar að ýmsum dómsmálum og öðrum ágreiningsmálum, öðrum en þeim sem framan hefur verið greint, sem gætu haft fjárhagslega þýðingu fyrir einstök fyrirtæki eða samantekinn ársreikning A- og B-hluta. Þó eru vænt fjárhagsleg áhrif þeirra, fari svo þau falli mótaðila í hag, ekki talin veruleg.

56. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í borgarstjórn auk borgarstjóra og staðgengla hans eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila, ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna. Þá eru félög sem lúta yfirráðum allra framangreindra aðila einnig tengdir aðilar.
Sveitarfélagið hefur átt í viðskiptum við tengda aðila á árinu. Viðskipti við tengda aðila náðu meðal annars til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og opinberra gjalda sem lögð eru á tengda aðila. Önnur viðskipti sem hafa átt sér stað á milli borgarinnar og tengdra aðila eru vegna samninga um kaup á vöru eða þjónustu og er um einn slíkan samninga að ræða á árinu 2018. Ekki er um háa fjárhæð og ræða. Viðskiptin eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er gætt að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga. Tengdum aðilum er óheimilt samkvæmt samþykktum siðareglum að nýta sér stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir.

57. Laun æðstu stjórnenda

Laun eru heildarlaun sem Reykjavíkurborg greiðir viðkomandi aðilum.

Borgarstjóri og staðgenglar	**Laun**	**Starfskostnaður**
Borgarstjóri	20.897	1.236
Fyrsti staðgengill, borgarritari	19.353	0
Annar staðgengill, borgarlögmaður	18.657	0
Laun kjörinna fulltrúa		
Forseti borgarstjórnar		
Forseti borgarstjórnar jan. - júní 2018	13.882	618
Forseti borgarstjórnar júlí - des. 2018	8.850	351
Formaður borgarráðs		
Formaður borgarráðs jan. - júní 2018	8.375	303
Formaður borgarráðs júlí - des. 2018	8.019	351
Kjörnir borgarfulltrúar		
Borgarfulltrúar alls án forseta og formanns borgarráðs	221.991	10.742
Kjörnir varaborgarfulltrúar		
Kjörnir varaborgarfulltrúar alls	141.058	4.905
Nefndarfulltrúar		
Nefndarfulltrúar alls	22.518	0
Samtals laun æðstu stjórnenda	483.602	18.505

Skýringar með ársreikningi

58. Atburðir eftir reikningsskiladag

Gagnaveita Reykjavíkur, dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur sendi Símanum hf. í mars 2019 kröfu um fébætur vegna tjóns sem fyrirtækið telur sig hafa orðið fyrir vegna brots á fjölmiðlalögum, sem Póst- og fjarskiptastofnun birti ákvörðun um 3. júlí 2018. Nemur krafan um 1,3 milljarði króna vegna tapaðra tekna, kostnaðar og vaxta. Óskað var formlegra viðbragða frá Símanum en þau hafa ekki borist. Síminn hf. höfðaði dómsmál á hendur Póst- og fjarskiptastofnun vegna ákvörðunar stofnunarinnar um lögbrotið. Niðurstaða liggur ekki fyrir og ekkert hefur verið fært vegna þessarar kröfu í ársreikning félagsins fyrir árið 2018.

59. Samanburður rekstraráætlana.

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2018 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A-hluti			A- og B-hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
Tekjur						
Skatttekjur	90.815.155	1.547.020	92.362.175	90.815.155	1.547.020	92.362.175
Framlög til Jöfnunarsjóðs	7.295.758	0	7.295.758	7.295.758	0	7.295.758
Aðrar tekjur	18.487.508	1.723.227	20.210.735	79.293.919	1.723.227	81.017.146
	116.598.421	3.270.247	119.868.668	177.404.832	3.270.247	180.675.080
Gjöld						
Laun og launatengd gjöld	62.521.708	810.508	63.332.216	76.852.187	810.508	77.662.695
Breyting lífeyrisskuldbindingar	5.003.919	0	5.003.919	5.003.919	0	5.003.919
Annar rekstrarkostnaður	41.430.269	541.472	41.971.741	55.985.281	541.472	56.526.754
Afskriftir	4.889.621	0	4.889.621	15.970.836	0	15.970.836
	113.845.517	1.351.980	115.197.497	153.812.223	1.351.980	155.164.203
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	2.752.904	1.918.267	4.671.171	23.592.609	1.918.267	25.510.876
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(441.857)	(155.531)	(597.388)	(11.645.019)	(155.531)	(11.800.550)
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta	2.311.047	1.762.736	4.073.783	11.947.590	1.762.736	13.710.326
Tekjuskattur	0	0	0	(1.516.052)	0	(1.516.052)
Matsbreyting fjárfestingaeigna	0	0	0	5.603.000	0	5.603.000
Rekstrarniðurstaða	2.311.047	1.762.736	4.073.783	16.034.538	1.762.736	17.797.274

Skýringar með ársreikningi

60. Samanburður sjóðstreymisáætlana.

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2018 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A-hluti			A- og B-hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
Rekstrarhreyfingar						
Niðurstaða ársins.....	2.311.047	1.762.736	4.073.783	16.034.538	1.762.736	17.797.274
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Söluhagnaður eigna	(3.171.724)	(1.762.500)	(4.934.224)	(3.171.724)	(1.762.500)	(4.934.224)
Afskriftir	4.889.621	0	4.889.621	15.970.836	0	15.970.836
Verðbætur, afföll og gengismunur	858.184	0	858.184	2.661.414	0	2.661.414
Innbyggðar afleiður, breyting	0	0	0	1.277.748	0	1.277.748
Matsbreyting fjárfestingaeigna	0	0	0	(5.603.000)	0	(5.603.000)
Breyting lífeyrisskuldbindingar	5.000.000	0	5.000.000	5.041.988	0	5.041.988
Breyting tekjuskattsskuldbindingar	0	0	0	(1.960.180)	0	(1.960.180)
Veltufé frá rekstri(til rekstrar)	9.887.128	236	9.887.364	30.251.619	236	30.251.856
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum:						
Birgðir, lækkun (hækkun).....	0	0	0	(10.000)	0	(10.000)
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun).....	(641.135)	0	(641.135)	(645.920)	0	(645.920)
Aðrar skammtímakr. lækkun (hækkun).....	893.864	0	893.864	1.068.230	0	1.068.230
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....	(2.535.000)	0	(2.535.000)	(2.535.000)	0	(2.535.000)
Framlag v. lífeyrisgreiðslna ársins	0	0	0	0	0	0
Breyt. á rekstrart. eignum og skuldum	(2.282.271)	0	(2.282.271)	(2.122.690)	0	(2.122.690)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	7.604.857	236	7.605.093	28.128.929	236	28.129.165
Fjárfestingarhreyfingar						
Fjárf. í varanl. rekstrarfjármunum	(18.718.000)	(1.584.400)	(20.302.400)	(44.259.117)	(1.584.400)	(45.843.517)
Fjárfesting í fjárfestingaeignum	0	0	0	(5.639.000)	0	(5.639.000)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	0	0	0	(318.000)	0	(318.000)
Innborguð gatnagerðargjöld	3.634.101	(1)	3.634.100	3.634.101	(1)	3.634.100
Sala byggingaréttar	2.340.000	1.762.500	4.102.500	2.340.000	1.762.500	4.102.500
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	831.724	0	831.724	1.116.223	0	1.116.223
Breyting á eignarhlutum	(904.501)	(198.681)	(1.103.182)	(166.501)	0	(166.501)
Langtímakröfur, breyting	1.364.328	0	1.364.328	4.542.022	0	4.542.022
Fjárfestingarhreyfingar	(11.452.349)	(20.581)	(11.472.930)	(38.750.273)	178.100	(38.572.174)
Fjármögnunarhreyfingar						
Stofnframlög frá ríki	0	0	0	1.107.000	0	1.107.000
Tekin ný langtímalán	5.714.000	897.000	6.611.000	25.458.000	897.000	26.355.000
Afborganir langtímalána	(1.847.822)	0	(1.847.823)	(14.550.694)	(1)	(14.550.695)
Afborganir leiguskulda	(830.056)	0	(830.056)	(830.056)	0	(830.056)
Greiddir áhættuvarnarsamningar	0	0	0	(1.265.295)	0	(1.265.295)
Innborgað stofnfé	0	0	0	400.000	0	400.000
Skammtímafjármögnun, breyting	0	0	0	658.130	0	658.130
Greiddur arður	0	0	0	(206.788)	0	(206.788)
Aðrar hreyfingar	(658)	0	(658)	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar	3.035.465	897.000	3.932.464	10.770.297	896.999	11.667.296
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	(812.027)	876.655	64.626	148.953	1.075.335	1.224.288
Handbært fé í ársbyrjun.....	2.764.088	0	2.764.088	18.280.460	0	18.280.460
Áhrif gengisbreyt. á handbært fé.....	0	0	0	(2.707)	0	(2.707)
Handbært fé í árslok.....	1.952.061	876.655	2.828.714	18.426.706	1.075.335	19.502.041

Skýringar með ársreikningi

61. Lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur:

	A-hluti		A- og B-hluti	
Í hlutfalli við rekstrartekjur:	**Ársreikningur 2018**	**Fjárhagsáætlun með viðaukum 2018**	**Ársreikningur 2018**	**Fjárhagsáætlun með viðaukum 2018**
Útsvar	62,0%	61,6%	41,3%	40,8%
Fasteignaskattar	15,3%	15,5%	9,9%	10,3%
Skatttekjur samtals	77,4%	77,1%	51,2%	51,1%
Framlög Jöfnunarsjóðs	6,2%	6,1%	4,1%	4,0%
Aðrar tekjur	16,5%	16,9%	44,7%	44,8%
Rekstrartekjur samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	52,7%	52,8%	42,8%	43,0%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	3,9%	4,2%	2,7%	2,8%
Annar rekstrarkostnaður	34,9%	35,0%	30,2%	31,3%
Rekstrargjöld samtals	91,6%	92,0%	75,7%	77,0%
Framlegð (EBITDA)	8,4%	8,0%	24,3%	23,0%
Afskriftir	4,1%	4,1%	9,3%	8,8%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjárm.tekjur (-gjöld)	4,3%	3,9%	15,1%	14,1%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(0,4%)	(0,5%)	(10,1%)	(6,5%)
Tekjuskattur	0,0%	0,0%	0,8%	(0,8%)
Matsbreyting fjárfestingaeigna	0,0%	0,0%	1,6%	3,1%
Áhrif hlutdeildarfélaga og dótturfélaga	0,0%	0,0%	(0,6%)	0,0%
Rekstrarniðurstaða	3,9%	3,4%	6,9%	9,9%
Veltufé frá rekstri	9,9%	8,2%	22,0%	16,7%
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(16,2%)	(16,9%)	(22,7%)	(28,7%)
Heildarskuldir og skuldbindingar	90,3%	-	180,2%	-
Í þúsundum kr. á íbúa:				
Rekstur:				
Skatttekjur	720	718	715	718
Framlög Jöfnunarsjóðs	57	57	57	57
Aðrar tekjur	153	157	625	629
Rekstrartekjur samtals	931	931	1.398	1.404
Laun og launatengd gjöld	(527)	(531)	(636)	(642)
Annar rekstrarkostnaður og afskriftir	(363)	(364)	(551)	(563)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(4)	(5)	(141)	(92)
Annað	0	0	26	32
Rekstrarniðurstaða	37	32	96	141
Sjóðstreymi:				
Veltufé frá rekstri	92	77	308	235
Handbært fé frá rekstri	96	59	268	219

	A-hluti		A- og B-hluti	
Aðrar lykiltölur:	**2018**	**2017**	**2018**	**2017**
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímask.	1,23	1,27	1,12	1,10
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	0,47	0,46	0,49	0,49

Íbúafjöldi, (heimild: Hagstofa Íslands):	**2018**	**2017**	**2016**	**2015**
Íbúafjöldi 1. desember	128.724	126.109	123.133	122.452
Breyting frá fyrra ári	2.615	2.976	681	1.484

Skýringar með ársreikningi

62. Lykiltölur A-hluta

Yfirlit um lykiltölur A-hluta síðustu fimm ár:	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningar 2018	2017	2016	2015	2014
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga						
Rekstrarjöfnuður síðustu þriggja ára í millj. kr.	-	12.334	(6.027)	(13.830)	(13.297)	493
Skuldaviðmið	-	66%	60%	63%	71%	65%
Heildarskuldir og skuldbind. - skuldahlutfall	-	90%	85%	83%	89%	77%
Aðrar lykiltölur:						
Langtímaskuldir og skuldbindingar						
í hlutfalli við veltufé frá rekstri (árafjöldi)	8,80	7,44	8,76	6,35	12,61	11,39
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	42%	47%	46%	48%	48%	58%
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborg. skulda	3,69	4,35	4,11	5,30	2,73	1,28
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímask.	0,86	1,23	1,29	1,57	1,18	1,31
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Skatttekjur	77,1%	77,4%	73,4%	76,0%	76,1%	77,3%
Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	6,1%	6,2%	6,2%	6,7%	6,8%	6,4%
Aðrar tekjur	16,9%	16,5%	20,4%	17,4%	17,1%	16,3%
Rekstrartekjur samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	52,8%	52,7%	52,7%	51,3%	54,0%	53,6%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	4,2%	3,9%	6,0%	5,0%	16,1%	4,0%
Annar rekstrarkostnaður	35,0%	34,9%	33,3%	36,4%	39,5%	41,3%
Afskriftir	4,1%	4,1%	4,0%	4,5%	4,6%	4,6%
Rekstrargjöld samtals	96,1%	95,7%	96,1%	97,2%	114,1%	103,5%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	3,9%	4,3%	3,9%	2,8%	(14,1%)	(3,5%)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(0,5%)	(0,4%)	0,4%	(0,2%)	(0,9%)	0,1%
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	3,4%	3,9%	4,3%	2,6%	(15,0%)	(3,4%)
Framlegð (EBITDA)	8,0%	8,4%	7,9%	7,3%	-9,6%	1,1%
Veltufé frá rekstri	8,2%	9,9%	8,0%	10,9%	5,7%	5,4%
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjámunum	(16,9%)	(16,2%)	(13,3%)	(9,4%)	(10,4%)	(9,8%)
Í þúsundum kr. á íbúa:						
Rekstur:						
Skatttekjur	718	720	660	620	566	531
Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	57	57	56	54	51	44
Aðrar tekjur	157	153	183	142	127	112
Rekstrartekjur samtals	931	931	900	817	743	688
Laun og launatengd gjöld	(492)	(491)	(475)	(419)	(401)	(368)
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	(39)	(37)	(54)	(41)	(119)	(27)
Annar rekstrarkostnaður og afskriftir	(364)	(363)	(336)	(333)	(328)	(316)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(5)	(4)	3	(2)	(6)	1
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	32	37	39	21	(111)	(23)
Sjóðstreymi:						
Veltufé frá rekstri	77	92	73	89	43	37
Handbært fé frá rekstri	59	96	(8)	53	22	37
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjámunum	(158)	(150)	(122)	(77)	(77)	(67)
Efnahagur:						
Eignir	1.452	1.588	1.460	1.301	1.262	1.250
Eigið fé	616	748	678	621	603	719
Skuldir	836	840	782	680	659	530
Álagningarhlutföll:						
Útsvar	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%
Fasteignaskattur, A-flokkur	0,20%	0,20%	0,20%	0,20%	0,20%	0,20%
Fasteignaskattur, B-flokkur	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
Fasteignaskattur, C-flokkur	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%
Íbúafjöldi, (heimild: Hagstofa Íslands):						
Íbúafjöldi 1. desember	128.724	128.724	126.109	123.133	122.452	121.814
Breyting frá fyrra ári		2.615	2.976	681	698	1.484
Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári		2,1%	2,4%	0,6%	0,6%	1,2%

Skýringar með ársreikningi

63. Lykiltölur A- og B-hluta

Yfirlit um lykiltölur A- og B-hluta síðustu fimm ár:	Áætlun 2018	Ársreikningar				
	með viðaukum	2018	2017	2016	2015	2014
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga						
Rekstrarjöfnuður síðustu þriggja ára í millj. kr.	-	35.246	18.442	7.806	(824)	8.061
Skuldaviðmið án OR	-	91%	85%	85%	97%	92%
Heildarskuldir og skuldbind. - skuldahlutfall án OR	-	114%	108%	107%	112%	104%
Aðrar lykiltölur:						
Langtímaskuldir og skuldbindingar						
í hlutfalli við veltufé frá rekstri (árafjöldi)	8,43	6,90	7,49	7,16	8,16	9,34
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	49%	49%	49%	46%	43%	43%
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborg. skulda	1,97	1,62	2,04	1,92	1,74	1,07
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímask.	1,00	1,12	1,10	1,13	0,94	0,93
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Skatttekjur	51,1%	51,2%	48,9%	48,8%	47,8%	48,3%
Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	4,0%	4,1%	4,2%	4,3%	4,3%	4,0%
Aðrar tekjur	44,8%	44,7%	47,0%	46,9%	47,9%	47,6%
Rekstrartekjur samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	43,0%	42,8%	43,5%	40,8%	41,6%	40,7%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	2,8%	2,7%	4,1%	3,3%	10,2%	2,5%
Annar rekstrarkostnaður	31,3%	30,2%	29,5%	32,1%	33,7%	34,3%
Afskriftir	8,8%	9,3%	8,7%	10,5%	11,3%	10,7%
Rekstrargjöld samtals	85,9%	84,9%	85,8%	86,6%	96,8%	88,3%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	14,1%	15,1%	14,2%	13,4%	3,2%	11,7%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(6,5%)	(10,1%)	1,2%	0,6%	(9,2%)	(4,7%)
Annað	2,3%	1,9%	0,9%	3,0%	2,5%	1,4%
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	9,9%	6,9%	16,2%	17,0%	(3,5%)	8,3%
Framlegð (EBITDA)	23,0%	24,3%	22,9%	23,8%	14,5%	22,4%
Veltufé frá rekstri	16,7%	22,0%	19,3%	22,0%	21,6%	19,7%
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjámunum	(25,4%)	(20,7%)	(21,6%)	(15,6%)	(16,3%)	(12,9%)
Í þúsundum kr. á íbúa:						
Rekstur:						
Skatttekjur	718	715	670	616	562	528
Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	57	57	57	54	51	44
Aðrar tekjur	629	625	644	593	562	520
Rekstrartekjur samtals	1.404	1.398	1.371	1.263	1.175	1.092
Laun og launatengd gjöld	(603)	(599)	(596)	(515)	(489)	(444)
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	(39)	(37)	(56)	(42)	(120)	(28)
Annar rekstrarkostnaður og afskriftir	(563)	(551)	(525)	(537)	(529)	(493)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(92)	(141)	16	7	(108)	(52)
Annað	32	26	12	38	30	15
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	138	96	222	214	(41)	91
Sjóðstreymi:						
Veltufé frá rekstri	235	308	265	278	254	215
Handbært fé frá rekstri	219	268	178	249	227	244
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjámunum	(356)	(290)	(296)	(197)	(191)	(141)
Efnahagur:						
Eignir	4.522	4.984	4.621	4.349	4.292	4.141
Eigið fé	2.197	2.464	2.263	1.990	1.829	1.783
Skuldir	2.325	2.520	2.358	2.359	2.463	2.357
Álagningarhlutföll:						
Útsvar	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%
Fasteignaskattur, A-flokkur	0,20%	0,20%	0,20%	0,20%	0,20%	0,20%
Fasteignaskattur, B-flokkur	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
Fasteignaskattur, C-flokkur	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%
Íbúafjöldi, (heimild: Hagstofa Íslands):						
Íbúafjöldi 1. desember	128.724	128.724	126.109	123.133	122.452	121.814
Breyting frá fyrra ári		2.615	2.976	681	698	1.484
Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári		2,1%	2,4%	0,6%	0,6%	1,2%

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Yfirlýsing um stjórnarhætti

Borgarstjórn Reykjavíkur leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum. Um stjórnarhætti sveitarfélagsins gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum og samþykkt fyrir stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715 frá 8. júlí 2013, með síðari breytingum og viðaukum. Reykjavíkurborg er með skráð skuldabréf í kauphöll og lýtur því reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga, sem Kauphöll Íslands gefur út.

Borgarstjórn Reykjavíkur er skipuð tuttugu og þremur borgarfulltrúum og jafnmörgum til vara, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna. Borgarstjórn kýs forseta borgarstjórnar og fjóra varaforseta úr hópi borgarfulltrúa til eins árs í senn. Borgarstjórn kýs úr hópi borgarfulltrúa sjö aðalmenn í borgarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Borgarstjórn kýs formann og varaformann borgarráðs úr hópi kjörinna borgarráðsmanna. Upplýsingar um kjörna fulltrúa í borgarstjórn, trúnaðarstörf þeirra á vegum borgarstjórnar og fjárhagslega hagsmuni þeirra er að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is.

Fjöldi fulltrúa í borgarstjórn og nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélagsins ræðst bæði af ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Þar má sjá hverjir sitja í einstökum nefndum, ráðum og stjórnum.

Í 2. tölul. 44. gr. sveitastjórnarlaga kemur fram regla um kynjahlutföll í nefndum sem borgarstjórn velur í. Sveitarfélagið gætir að þessum reglum við skipan í nefndir. Að því er borgarstjórnina varðar, ræðst samsetningin af röðun á framboðslista og niðurstöðum kosninga til sveitarstjórnar. Í borgarstjórn sitja nú fulltrúar 8 stjórnmálaflokka, 15 konur og 8 karlar með ólíkan bakgrunn og menntun.

Borgarstjórn ber ábyrgð á því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og að það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um að sveitarfélagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi, í samræmi við markmið sveitarfélagsins, að það veiti áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og að það fylgi lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar starfar á vegum borgarstjórnar skv. IX. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga og starfar á grundvelli samþykkta fyrir stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 og eftir því sem lög mæla fyrir um. Endurskoðunarnefnd er skipuð fjórum fulltrúum, þremur skipuðum af borgarstjórn Reykjavíkurborgar og einum skipuðum samkvæmt tilnefningu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Nefndina skipa: Lárus Finnbogasonn, löggiltur endurskoðandi, formaður, Einar s. Hálfdánarson, hrl og löggiltur endurskoðandi, Sigrún Guðmundsdóttir, löggiltur endurskoðandi, og Sunna Jóhannsdóttir, viðskiptafræðingur. Á heimasíðu sveitarfélagsins má sjá samþykkt sem borgarstjórn hefur sett fyrir endurskoðunarnefnd.

Innri endurskoðun fer með fjármála- og stjórnsýslueftirlit hjá Reykjavíkurborg í umboði borgarráðs. Í því felst að með störfum sínum leggur innri endurskoðun mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarhátta hjá stofnunum og félögum í meirihlutaeigu Reykjavíkurborgar. Starfsreglur innri endurskoðunar, sem borgarráð hefur samþykkt, eru aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins. Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar er Hallur Símonarson.

Um áhættustýringu er vísað ákvæða í VII. kafla sveitarstjórnarlaga, s.s. um fjárstjórnarvald, bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins, ábyrga meðferð fjármuna, miklar fjárfestingar og skuldbindingar og takmarkanir er varða veðsetningar og ábyrgðaveitingar. Sveitarfélagið fer að ákvæðum sveitarstjórnarlaga hvað þetta varðar.

Reglulegur hluti af starfsemi sveitarfélagsins er að hafa eftirlit með helstu þáttum í rekstri sveitarfélagsins og tryggja þannig samfellu í rekstri og lágmörkun áhættu. Áhættustýring er samofin ábyrgð við daglegan rekstur borgarinnar. Til að tryggja að reikningsskil sveitarfélagsins séu í samræmi við sveitarstjórnarlög og settar reikningsskilareglur, hefur sveitarfélagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið, eðlilega aðgreiningu starfa, reglulega skýrslugjöf, skýrar verklagsreglur og verkferla. Ferli mánaðarlegrar skýrslugjafar, ásamt rýni fyrir einstök fagsvið, er mikilvægur þáttur í eftirliti með afkomu og fylgni við samþykkta fjárhagsáætlun. Fjármálaskrifstofa vinnur mánaðarleg uppgjör og leggur fyrir borgarráð.

Um siðareglur og góða starfshætti er fjallað í 29. gr. sveitarstjórnarlaga. Sveitarfélagið hefur sett siðareglur, dags. 10. janúar 2017, sem aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Ófjárhagslegar upplýsingar

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru sveitarfélög sjálfstæð stjórnvöld, sem er stjórnað er af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnum í umboði íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er falið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál, skipulagsmál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup.

Engin veruleg frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sveitarfélagsins, sem tengist umhverfis-, félags- og starfsmannamálum, mannréttindamálum eða spillingar- og mútumálum.

Starfsmannamál
Markmið starfsmannastefnu er að Reykjavíkurborg hafi alltaf á að skipa hæfum og áhugasömum starfsmönnum, sem geta tryggt nauðsynlegt frumkvæði í störfum og veitt góða þjónustu og brugðist við síbreytilegum þörfum Reykjavíkurborgar. Starfsmannastefnan á að tryggja starfsmönnum ákveðin starfsskilyrði og möguleika á að vaxa og dafna í starfi. Leitast skal við að skapa starfsmönnum aðstæður til að samræma starf og fjölskyldulíf.

Umhverfis- og auðlindastefna
Lífsgæði núlifandi og næstu kynslóða borgarbúa verða tryggð með því að meta auðinn sem felst í þjónustu náttúrunnar og hreinu umhverfi. Þjónusta náttúrunnar verður styrkt og neikvæð umhverfisáhrif lágmörkuð. Stefnunni verður framfylgt í eftirfarandi níu málaflokkum: Auðlindir, samgöngur, skipulag, gæði umhverfis, loftslagsmál, menntun til sjálfbærni, náttúra og útivist, neysla og úrgangur og rekstur Reykjavíkurborgar. Á árinu 2018 samþykktur grænn rammi Reykjavíkurborgar sem er settur fram í samræmi við alþjóðleg viðmið, svonefnd *Green Bond Principle,* með skírskotun í sjálfbærniviðmið Sameinuðu þjóðanna. Græni ramminn lýsir forsendum útgáfu grænna skuldabréfa Reykjavíkurborgar en þau fengu afar góðar viðtökur á innlendum skuldabréfamarkaði undir árslok 2018.

Mannréttindastefna
Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmálaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.

Innkaupareglur
Innkaupareglur eiga að stuðla að vönduðum, hagkvæmum og vistvænum innkaupum Reykjavíkurborgar og tryggja gæði vöru, þjónustu og verka sem borgin kaupir. Einnig stuðla að því að Reykjavíkurborg hagi innkaupum sínum í samræmi við góða viðskiptahætti og tryggja að stjórnsýsla Reykjavíkurborgar á sviði innkaupa sé í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti og stuðla að því að almennar kröfur um stjórnfestu og fyrirsjáanlega framkvæmd, gegnsæi, jafnræði og málskotsrétt séu virtar við innkaup á vegum Reykjavíkurborgar. Jafnframt að stuðla að virkri samkeppni fyrirtækja á markaði og efla nýsköpun og þróun við innkaup Reykjavíkurborgar á vörum, verkum og þjónustu.

Fjárstýringarreglur
Sett hefur verið stefna og reglur um fjárhagslega áhættustýringu, sem birtast í hlutverki áhættustýringahóps og stefnu og reglum um fjárstýringu. Fjárstýringarreglur eiga að tryggja að Reykjavíkurborg eigi ávallt aðgengi að nægjanlegu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs, þar með talið ábyrgðarskuldbindingar vegna fyrirtækja í eigu borgarinnar. Fjárstýring skal auk þess lágmarka fjármagnskostnað og hámarka ávöxtun lausafjár í samræmi við fjárfestingarheimildir hverju sinni með virkri lána- og lausafjárstýringu.